

Priðji Þáttur – Rapp (Handrit)

Upphaf/Lag:	Bent Nálsgast – XXX Rottweiler hundar	17 sek
Texti	Upphaflega var rapptónlist á jaðri íslensku menningarelítunnar en íslenskt rapp á sér ekki langa sögu. Rappið var lítill og lokaður menningarkimi til að byrja með. Fyrstu rapp hljómsveitirnar voru Subterranean og Quarashi og komu þær fram um svipað leyti og voru textar þeirra á ensku. Árni Matthíasson, blaðamaður hefur kynnt sér uppruna og sögu rappsins.	25 sek
Árni Matthíasson	INN: (02.23) „Þetta var frekar lítill menningarkimi og frekar lokaður. Það var mjög mikill og eindreginn áhugi í þessum litla kima...“ ÚT:(02.19) „Ég myndi segja að stóra hindrunin þarna hafi verið tungumálið.“	1 mín 56 sek
Lag	My Style is Phreaky - Subterranean	
Texti	Eftir að Rottweiler hundarnir sigruðu Músíktílaunir árið 2000 með rappi á íslensku, fóru hjólin að snúast og nú opnuðust nýjar dyr. Arnar Freyr, meðlimur í rappsveitinni Úlfur Úlfur, man vel eftir því þegar hann heyrði rapp á Íslensku í fyrsta sinn.	19 sek
Arnar Freyr	INN: (02.27) „Ég man hvar ég var þegar ég heyrði í fyrsta skipti rapp á íslensku!“ ÚT: (01.18) „Þannig samstundis og ég heyrði það í fyrsta skiptið þá bara breytti það öllu og ég fór samstundis heim og byrjaði að skrifa og ég hef ekki hætt.“ INN -ÚT: (02.04-02.11) „Þetta breytti öllu, opnaði nýjar víddir og augu fólks fyrir einhverju glænýju listform.“ INN: (03.08) „Það var eitthvað annað þegar þetta var á Íslensku.“ ÚT: (03.28) „Þetta var íslenskur raunveruleiki og það var svo geggjald!“	1 mín 18 sek
Lag	Hí á þig – Ómar Ragnarsson ft. XXX Rottweiler	
Texti	Drengirnir í Rottweiler spiluðu á þjóðhátíð í Eyjum árið 2002, en þá lenti þeim saman við engan annan en Árna Johnsen. Rottweilerhundarnir voru búnir að kynna og flytja tvö síðustu lögin og nú var komið að Brekkusöngnum. Rithöfundurinn Gerður Kristný skrifaði um atvikið og líkir sviðinu við brúðuleikhús; <i>„Þá heyrast allt í einu upphafstónar lagsins "Þér er ekki boðið" og Bentsbrúðan dembir sér í nafnarununa þar sem meðal annars Árna Johnsen er getið og ekki boðið. Birtist þá ekki Árni, gestur Prúðuleikaranna í kvöld, við hlið Bentsbrúðunnar og leggur hönd á öxl hennar eins og hann sé að reyna að lempa hana í öllu þessu hömlulausa rappflæði. Hann réttir fram hina höndina, skýrt merki þess að hann vilji fá hljóðnemann afhentan en Bentinn lætur eins og hann skilji ekki þetta handapat og finnst greinilega ekkert að því að skemmta með Árna</i>	1 mín 23 sek

	<i>fastan við sig. Árni sér sitt óvænna, hverfur bak við og litlu síðar er slökkt á undirspilinu. Þá fær hann hljóðnemann auðvitað eins og ekkert sé. Þetta er ekki Ársel. Þetta er þjóðhátíð í Eyjum. Hér ríkja reglur og Árna er víst boðið. Að minnsta kosti misboðið.</i>	
Lag	Þér er ekki boðið – XXX Rottweiler	
Arnar Freyr	INN: (12.30) „Þegar að rottweiler gefa út plötuna sína, þá snýst þetta allt um það að vera nettur og segja fólki að halda kjafti og vera kjaftfor...“ ÚT: (13.33) „Maður er ekkert að taka þessu of alvarlega.“	1 mín 3 sek
Lag	Emmsjé Gauti - Strákarnir	
Árni Matthíasson	INN: (14.33) „Mér fannst alltaf svolítið lýsandi þegar ég gaf tvíburadætrum systur minnar, ég gaf þeim hérna Rottweiler plötuna.“ ÚT: (15.41) „Fólk var hrætt og það var fár í þjóðfélaginu.“	1 mín 8 sek
Textar	Rapp var komið til þess að ögra. En stundum ganga hlutirnir einfaldlega of langt. Logi Pedro Stefánsson minnst þess þegar Erpur og Móri lentu í rifrildi í útvarpsviðtali á X-inu sem endaði með því að Móri elti Erp með hníf og dópermanhund. Var þetta bara leikþáttur í boði Erps og Móra?	27 sek
Logi Pedro Stefánsson	INN: (20.57) „Erpur og Móri lenda í slagsmálum í útvarpsviðtali á xinu og Móri eltir hann með hníf.“ ÚT: (21.50) „Lögreglan ætlaði ekki að gefa út kærú í málinu því þeir töluðu um að þetta væri PR stunt.“	53 sek
Lag	XXX – XXX Rottweiler	
Árni Matthíasson	INN: (10.26) „Í fyrsta lagi verður þú að hafa í huga að rapparar eru leikarar.“ ÚT: (10.47) „Maður verður alltaf að hafa það í huga, þetta eru ekki þeir sjálfir, þetta er ekki alvöru.“ INN: (10.55) „Ég sá Rottweiler hundana fyrst í Músíktílaunum.“ ÚT: (12.07) „Þá fer tónlistin að verða einhver þáttur í þjóðfélagsumræðunni.“	1 mín 33 sek
Lag	100.000 krónur – Úlfur Úlfur	
Arnar Freyr	INN: (13.33) „En mér finnst samt einhvern veginn einkenna alla rappara í dag, þetta er persónulegt.“ ÚT: (14.11) „Hreinskilni virkar ógeðslega vel, já bara Honesty.“	38 sek
Lag	100.000 krónur – Úlfur Úlfur	
Árni Matthíasson	INN: (02.43) „Það er náttúrulega eins og með alla nýja tónlist, þá er sú tíska og þær hefðir sem eru ríkjandi fyrir.“ ÚT: (03.54) „Vegna þess að þarna var verið að fara yfir ósýnilegar línur sem að mátti ekki fara yfir.“ INN: (03.57) „Til dæmis að tala opinskátt um kynferðismál, tala um það sem margir upplifðu og er í einhverjum tilfellum kynfyrirlitningu...“ ÚT: (04.30) „Núna væri ungdómurinn loksins farinn til helvítis.“	1 mín 44 sek

Lag	Rigning á heiðskírurum degi – Afkvæmi Guðanna	
Arnar Freyr	<u>INN: (14.50-14.55)</u> „Rödd rapparans, sérstaklega ef hann nýtur vinsælda, hún er svo sterk.“ <u>INN: (15.14)</u> „Og ég hugsa oft að ég verð að nýta mér þessa stöðu ég ber bara næstum því samfélagslega ábyrgð á því að nýta mér rödd mína...“ <u>ÚT: (16.29)</u> „Þeir eru með rödd og það heyrir í þeim og fólk elskar að heyra það.“	1 mín 44 sek
Texti	Reykjavíkurdætur hafa orðið fyrir mikilli gagnrýni frá því þær stigu í sviðsljósið og þá aðallega fyrir innihald texta sinna. Þær segja frá ljótleikanum eins og þeim einum er lagið. Það má segja að þær hafi notað raddir sínar til að benda á það sem þaggað er niður í samfélaginu. Einnig má finna pólitíska ádeilu í íslensku rappi. Vigdís Reykjavíkurdóttir talaði um pólitískt rapp og kvennfyrirlitningu í rappi.	30 sek
Vigdís	<u>INN: (10.12)</u> „Allavega hefur Erpur sjálfur sagt við mig að þegar hann var með pólitískt rapp, þegar hann rappaði um lögregluna og lögregluofbeldi, palestínu og ríkistjórnina, þá var enginn að hlusta...“ <u>ÚT: (11.02)</u> „En hann sagði sjálfur að þetta virkaði ekki á Íslandi.“	50 sek
Lag	Villtu dick – Rottweiler ft. Sykur	
Arnar Freyr	<u>INN: (22.52)</u> „Bara frá því að Rottweiler komu fram og þeir fóru að spila á böllum, þá var alveg – Rottweiler böll voru bara hugtak yfir eitthvað sem var gjörsamlega sturlað...“ <u>ÚT: (24.11)</u> „Við erum að tala niður til okkar ef þú villt, fattaru!“	1 mín 19 sek
Lag	Við elskum þessar mellur – Emmsjé Gauti og Blaz Roca	
Arnar Freyr	<u>INN: (16.30)</u> „Varðandi kvennfyrirlitninguna þá er það viðloðandi rapp, lengi og bara heiminn lengi.“ <u>ÚT: (17.13)</u> „Þvílík hreyfing sem á allt gott skilið.“	43 sek
Vigdís	<u>INN: (25.14)</u> „Frelsi er ótrúlega mikið íslenski rapparinn. Hann er mjög frjáls.“ <u>ÚT: (25.50)</u> „En ef þú ert nógu sterkur einstaklingur til að segja það sem þú villt þá máttu það.“ <u>INN: (16.55)</u> „Við erum með mjög beina texta um það að við erum feministar - en þetta er búið að breytast...“ <u>ÚT: (17.31)</u> „Kommentin eru bara neikvæð, öll kommentin.“	1 mín 12 sek
Lag	Ógeðsleg - Reykjavíkurdætur	7 sek

Vigdís	<p>INN: (5.53) „Ég held bara að því það er svo mikið af ungu fólki sem hlustar á rapp að það er kannski ekkert rosalega sniðugt að hæpa þetta svona mikið fyrir ungt fólk.“</p> <p>ÚT: (6.49) „Ég meina Gísli páلمي var að opna menningarnótt í fyrra í beinni útsendingu.“</p> <p>INN: (7.28) „R: mannstu var einhver umræða í samfélaginu þegar það var ákveðið að Gísli Pálmi ætti að opna menningarnótt...“</p> <p>ÚT: (7.59) „En það hefur aldrei, aldrei verið svona distinctif umræða um neinn íslenskan rappara á þessu leveli og hefur verið um Reykjavíkurdætur.“</p>	1 min 27 sek
Texti	<p>Mikið síðafár fór af stað í kjölfar framkomu Reykjavíkurdætra í þætti Gísla Marteins. Ágústa Eva tjáði sig eftir atvikið og kommentakerfin loguðu. Ýmsar vangaveltur og gagnrýni voru á lofti. Er Vikan fjölskyldu þáttur, gengu Reykjavíkurdætur yfir strikið, er Gísli Marteinn hæfur þáttastjórnandi eða var þetta allt saman upphlaup útaf engu? Sumir höfðu mikla samkennd með Ágústu Evu og skildu hvers vegna hún „strunsaði“ út á meðan aðrir bentu á tepruskapinn í henni og að Reykjavíkurdætur væru aðeins að fjalla um ljótleikann í samfélaginu. En bæði Reykjavíkurdætur og Gísli Pálmi rappa um það sem þekktist í íslenskum veruleika! Hvers vegna brást þá fólk verr við því sem Reykjavíkurdætur voru að rappa um í spjallþættinum hjá Gísla Marteini á meðan Nútíminn var hugsanlega eini fréttamiðillinn sem benti á fjölda blótsyrða Gísla Pálma á Arnarhóli fyrir framan hundruði barna og foreldra þeirra. Það er greinilegt að það er ekki sama hver á orðið eða um hvað er verið að rappa.</p>	1 mín 6 sek
Lag	<i>Ískaldur – Gísli Pálmi</i>	
Arnar Freyr	<p>INN: (21.30) „Eiturlyf eru ekki okkar vandamál heldur samfélagslegt vandamál og við bara fjöllum um það.“</p> <p>ÚT: (21.40) „Við fjöllum um að það sé til staðar því að það er til staðar.“</p> <p>INN: (21.52) „Mér finnst hræðilegt hversu oft röppurum er kennt um vandamál sem þeir eru einfaldlega að lýsa.“</p> <p>ÚT: (22.11) „Það er bara erfitt að heyra. Fólki finnst mjög erfitt að heyra það.“</p>	29 sek
Logi Pedro Stefánsson	<p>INN: (14.52) „Nærtækt dæmi eða nýlegt væri í kringum Gísla Pálma.“</p> <p>ÚT: (16.30) „Það er ekki hægt að kenna sögumanninum um.“</p> <p>INN: (07.26) „Þegar þetta er svona ótrúlega ekkert veirð að fela eins og Gísli Pálmi gerir, þá verður fólk hrætt sko!“</p> <p>ÚT: (08.04) „Gísli páلمي er töluvert hreinskilnari.“</p> <p>INN: (22.18) „Ég get ímyndað mér að ef maður er foreldri og barnið manns er mjög hrifið af ákveðnum rappara sem að er óhræddur að tala um lífsstíl sem þú villt ekki að barnið þitt fari út í.“</p> <p>ÚT: (22.43) „Ég myndi alveg skilja það að foreldrar yrðu tvístígandi og smeykir við það.“</p>	2 min 41 sek
Texti	<p>Það er greinilegt að síðafár hefur fylgt rapptónlist á Íslandi. En síðafár er ákveðin hringrás. Einn daginn er um ógn við samfélagið og börnin</p>	29 sek

	okkar að ræða en eftir einhvern tíma vaxa unglíngarnir úr grasi og kynslóðaskipti eiga sér stað. Þá þykir ekkert athugavert við það sem áður þótti siðspillandi og mannskemmandi. Að minnsta kosti þangað til að næsti menningarkimi kemur öllu í uppnám aftur.	
Arnar Freyr	<p><u>INN-ÚT: (7.30 – 7.44)</u> „Sextán ár eru ógeðslega langur tími fyrir heila stefnu til að þróast.“</p> <p><u>INN-ÚT: (7.52-7.57)</u> „Þetta er ekki lengur bara eitthvað lítið tré, þetta er tré með margar greinar.“</p> <p><u>INN: (8.04)</u> „Þetta er ekki lengur bara einhver gaur að rappa. Þetta er bara orðin stefna sem er voðalega víðtæk.“</p> <p><u>ÚT: (8.20)</u> „Hvernig rappari er hann!“</p> <p><u>INN: (04.41)</u> „Við vorum óþekku strákarnir, við vorum ekki að fylgja reglunum og við fengum ekki samþykki þeirra sem að réðu og stýrðu umræðunni um hvað væri rétt og hvað væri rangt.“</p> <p><u>ÚT: (05.04)</u> „Þannig samþykkið er komið.“</p> <p><u>INN: (30.20)</u> „Núna eru unglíngarnir orðnir fullorðna fólkið og þeir hætta ekkert að rappa.“</p> <p><u>ÚT: (30.38)</u> „Maður þroskast ekkert uppúr list, maður þroskast ekkert upp úr ástríðu í hjartanu, ekkert frekar en þú villt.“</p>	41 sek
Endir/lag	Bent nálgast – XXX Rottweiler	17 sek